

## Seljalandsvegur 38, Ísafirði

Landnúmer: 138562

Fastanúmer: 212-0195

Staðgreinir: 4200-1-71830380

## Grunnleigusamningur fyrir íbúðarhúsnæði í Ísafjarðarbæ

Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar þann 7. apríl 2022 leigir Ísafjarðarbær, kt. 540596-2639, sem leigusali, hér með:

Elíasi Oddssyni kt. 011256-4659

Ólöfu B. Oddsdóttur kt. 110158-4839

Jóhönnu Oddsdóttur kt. 111061-4839

Sigurði Árna Jónssyni kt. 120493-3969

Oddi Birni Jónssyni kt. 150691-3039

Sigurði Oddssyni kt. 150871-3529

Péttri Oddssyni kt. 240663-5709

Hauki Oddssyni kt. 240859-4839

sem leigutaka, lóð nr. 38 við Seljalandsveg, svo sem lýst er í 1. grein samnings þessa, með eftirgreindum skilmálum.

### 1. grein

**Hið leigða er lóðin nr. 38 við Seljalandsveg, Ísafirði, sem er 726,4 m<sup>2</sup> að stærð** og á henni er einbýlishús byggt árið 1961, skráð stærð íbúðarhúsnæðis er 208,4 m<sup>2</sup>. Lögum lóðarinnar og stærð er sýnd á viðfestu mæliblaði Tæknideildar Ísafjarðarbæjar dags. 18.03. 2022 sem telst hluti af þessum samning.

Á hinni leigðu lóð eru eftirtaldar kvaðir.

- a) Við gróðursetningu trjáa og runna sem og uppsetningu girðingar á lóð skal fara eftir ákvæðum gildandi byggingarreglugerðar og skipulags.
- b) Leigutaka er skylt að heimila lagningu frárennslis, vatnsæða, raftauga, síma o.fl. þess háttar um leigulóðina án endurgjalds, sé lóð eða mannvirkjum spillt með því, komi fyrir bætur eftir samkomulagi eða mati.

Vilji bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar ekki að loknum leigutímanum leyfa lóðarhafa, með nýjum lóðarleigusamningi, að láta hús, sem þá er á lóðinni, standa þar áfram, skal bæjarstjórn greiða lóðarhafa sannvirði hússins eða húsanna eftir mati dómkvaddra manna, enda sé við matið tekið fullt tillit til raunverulegs ástands bygginganna.

### 2. grein – lóðargjöld

Ársleiga af lóðinni skal vera um 1.8% - einn og hálfur af hundraði – af fasteignamati lóðarinnar, eins og ákveðið er á hverjum tíma. Leigan er háð þeim ákvörðunum bæjarstjórnar sem í gildi eru á hverjum tíma, þó aldrei hærri en 5% - fimm af hundraði – af fasteignamati lóðarinnar. Leigutaki greiðir lóðargjöld til bæjarsjóðs af hinni leigðu lóð, skv. ákvæðum gildandi laga og reglugerða. Fjárnámsréttur er fyrir fasteignagjöldum, lóðarleigu,

opinberum gjöldum, sköttum, vöxtum og dráttarvöxtum, skv. lögum um aðför nr. 90/1989 og eru hús og önnur mannvirki að veði fyrir lóðargjaldinu.

### **3. grein – gjalddagi**

Gjalddagi lóðarleigu er sá sami og gjalddagi fasteignagjalda og er leigan tryggð með forgangsveði í leiguréttindum leigutaka og húsum og mannvirkjum á lóðinni. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga reiknast dráttarvextir 1. hvers mánaðar þar á eftir eða samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar. Dráttarvextir skulu reiknast eins og þeir eru á hverjum tíma. Sé leigan ekki greidd á gjalddaga, má til lúkningar gera fjarnám í leiguréttindum, húsum og mannvirkjum á lóðinni án dóms eða sáttar skv. ákvæðum laga um aðför nr. 90/1989.

Leigutaki greiðir alla skatta og gjöld af lóðinni til hins opinbera, sem lagðir kunna verða á leigulóðina sem gjaldstofn.

### **4. grein – Framsal leiguréttar – veðsetning – þinglýsing**

Leigutaka er heimilt að selja eða veðsetja leigurétt sinn samkvæmt samningi þessum ásamt húsum sínum og mannvirkjum á lóðinni

Leigutaki greiðir þinglýsingarkostnað af samningi, að öðrum kosti getur bæjarstjórn látið þinglesa hann á kostnað eiganda.

### **5. grein, leigutími**

Lóðin er leigð til 50 ára, frá dagsetningu samnings þessa.

### **6. grein**

Af samningi þessum skulu gerð þrjú samrit og heldur hvor aðili sínu eintaki og eitt til þinglýsingar.

Ísafirði, 5. maí 2022

Vottar að dagsetningu, fjárræði  
og undirskrift aðila:

---

---

f.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar,

---

sem leigusali:

---

sem leigutaki  
við Seljalandsveg 38